

NÝSKÖPUNARSJÓÐURINN KRÍA

STARFSREGLUR STJÓRNAR

1. gr. Tilgangur og markmið.

- 1.1 Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 90/2024 og reglugerðar 1597/2024 um Nýsköpunarsjóðinn Kría. Þær fela í sér upplýsingar um ábyrgð og skyldur stjórnar sjóðsins.
- 1.2 Nýsköpunarsjóðurinn Kría (hér eftir „**NSK**“ eða „**sjóðurinn**“) leggur áherslu á góða stjórnarhætti í starfi sínu og er starfsreglum þessum ætlað að styðja við góða stjórnarhætti í rekstri sjóðsins.

2. gr. Skipan stjórnar og skipting starfa

- 2.1 Stjórn NSK skipa fimm einstaklingar. Ráðherra skipar á ársfundi fimm menn í stjórn NSK til þriggja ára í senn. Stjórnin skal þannig skipuð: einn að tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn að tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu þess ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins og tveir skulu skipaðir án tilnefningar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.
- 2.2 Stjórnarmenn skulu búa yfir nauðsynlegri hæfni til að fylgja eftir markmiðum sjóðsins, þar á meðal haldgóðri þekkingu á lánveitinga- og fjárfestingarstarfsemi, og hafa viðeigandi stjórnunarreynslu eða viðamikla reynslu úr umhverfi nýsköpunar.
- 2.3 Stjórn sjóðsins skal koma saman að loknum ársfundi og skipta með sér verkum. Annar þeirra stjórnarmanna sem skipaðir eru án tilnefningar skal skipaður formaður stjórnar.
- 2.4 Stjórn skal:
 - meta árlega hvort stjórnarmeðlimir fái nauðsynlegar upplýsingar og aðgengi að gögnum til að rækja skyldur sínar og
 - setja stefnu sjóðsins eins og lög og reglugerð um NSK gera ráð fyrir og tryggja að stjórnarmenn þekki hlutverk, markmið, stefnu og starfsemi sjóðsins.
- 2.5 Formaður stjórnar ber meginábyrgð á starfsemi stjórnar og skal stuðla að jafnræði meðal stjórnarmanna, góðum starfsanda, fagmennsku og virkni í allri ákvarðanatöku.

Að auki skal formaður stjórnar m.a.:

- sjá til þess að stjórnarmenn fái í störfum sínum skýrar upplýsingar og gögn til að stjórnin geti sinnt störfum sínum,
- hvetja til þess að fram fari skoðanaskipti innan stjórnar sem og á milli stjórnar og forstjóra;
- gæta að því að stjórnarfundir fari fram í samræmi við fundarvenjur, að gefinn sé nægur tími til umræðna og ákvarðanatöku og að reglum um atkvæðagreiðslur sé fylgt,

- sjá til þess að fram fari regluleg endurskoðun á starfsreglum stjórnar og að þeim sé fylgt eftir og
- sjá til þess að reglulega fari fram mat á störfum stjórnar og að stjórn sé gagnrýnin á eigin störf og verklag.

3. gr. Verksvið stjórnar

- 3.1 Stjórn fer með það ákvörðunarvald sem kveðið er á um í lögum og reglugerð um NSK. Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við gildandi lög og reglugerð.
- 3.2 Stjórn NSK skal annast eftirtalin verkefni auk þeirra er lög bjóða:
- hafa yfirsýn með starfsemi sjóðsins í samræmi við lög og reglur, mótar stefnu sjóðsins og fylgist með starfsemi hans og rekstri,
 - fylgjast með að starfs- og launakjör forstjóra séu í samræmi við lög þar að lútandi sem og að laun starfsmanna séu samkeppnishæf við sambærileg störf,
 - móta fjárfestingarstefnu sjóðsins í samræmi við lög og reglugerð um sjóðinn,
 - taka ákvarðanir um áskrift að hlutafé í sjóðum, bein hlutafjárkaup, sölu hlutafjár, lánveitingar, og ábyrgðir að fengnum tillögum frá forstjóra,
 - samþykkja rekstraráætlun fyrir hvert starfsár og
 - taka ákvarðanir fyrir hönd sjóðsins sem mættu teljast óvenjulegar eða meiriháttar m.t.t. starfsemi sjóðsins og starfsheimilda forstjóra, sbr. 6. gr. laga nr. 90/2024.
- 3.3 Stjórn sjóðsins felur forstjóra að annast framkvæmd ákvarðana stjórnar, eftir því sem stjórn ákveður og í samráði við hana. Skal bókað um það í fundargerð stjórnar.
- 3.4 Stjórnarmenn skulu kynna sér lög og reglur er gilda um starfsemi sjóðsins og hafa skilning á hlutverki og ábyrgð sinni. Að öðru leyti skulu stjórnarmenn:
- Taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.
 - Hafa skilning á markmiðum og verkefnum sjóðsins.
 - Óska eftir og kynna sér öll gögn og upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til að hafa fullan skilning á rekstri sjóðsins og til að taka upplýstar ákvarðanir.
 - Mæta til fundar vel undirbúnir.
 - Sjá til þess að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt.
 - Stuðla að góðum starfsanda innan stjórnar.
 - Koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og þess sem í hlut á.
 - Hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um rekstur NSK á rafrænu formi í gegnum gátt sem skal eingöngu vera opin fyrir stjórnarmenn og forstjóra. Þar skulu einnig liggja fyrir allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir nýjan

stjórnarmann. Stjórnarmenn skulu gæta þess að meðhöndla allt efni varðveitt á stjórnargátt sem trúnaðarmál.

4. gr. Stjórnarfundir NSK

- 4.1 Komi til samskipta sem varða hag sjóðsins, milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og forstjóra milli stjórnarfunda skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar. Ekki þarf að upplýsa sérstaklega um samskipti stjórnarformanns og forstjóra milli stjórnarfunda sem teljast hluti af undirbúningi stjórnarfunda. Stjórnarmenn skulu einnig upplýsa um samskipti sín við starfsmenn sjóðsins hafi þau varðað starfsemi sjóðsins.
- 4.2 Gætt skal að því að allir stjórnarmenn hafi sama aðgang að gögnum er varða þær ákvarðanir sem stjórn tekur á fundum sínum.
- 4.3 Stjórn skal funda að jafnaði mánaðarlega en í júlí og ágúst eru fundir einungis haldnir einungis ef nauðsyn krefur.
- 4.4 Stjórn skal í upphafi starfsárs setja sér fundaáætlun og skal boðað rafrænt til funda út starfsárið. Stjórnarformaður getur ákveðið breytingar á dagsetningum en bera skal nýjan fundartíma undir aðra stjórnarmenn og leitast við að finna nýjan tíma sem hentar öllum. Fyrir utan reglulega fundi stjórnar skal boðað til fundar þegar forstjóri eða stjórnarformaður telur það nauðsynlegt eða ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.
- 4.5 Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn mæti til fundar á fundarstað en eigi þeir ekki kost á því er stjórnarmönnum heimilt að taka þátt í stjórnarstörfum með rafrænum hætti.
- 4.6 Stjórn fundar á skrifstofu sjóðsins. Ef fundur er haldinn annars staðar skal það boðað sérstaklega og í samráði við stjórnarmenn. Forstjóri boðar stjórnarfundi í umboði stjórnarformanns í samræmi við fundaáætlun stjórnar sem samþykkt er af stjórn í upphafi starfsárs.
- 4.7 Fundir aðrir en þeir sem fundaáætlun gerir ráð fyrir skal boðað með minnst sjö daga fyrirvara og hið sama á við um breytingu á fundartíma. Formaður stjórnar getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 4.8 Leitast skal við að tryggja að allir stjórnarmenn geti mætt á stjórnarfundi en fundur telst þó lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur. Séu meiriháttar ákvarðanir til umfjöllunar, s.s. kaup eða sala hlutafjár, skal leita eftir álit þess stjórnarmanns sem ekki er mættur með öðrum hætti.
- 4.9 Fundarboð skal að jafnaði sent stjórnarmönnum með tölvupósti og skal í því greina frá dagskrá fundarins. Á reglulegum stjórnarfundum skal að jafnaði taka fyrir eftirfarandi mál:
 - fundargerð síðasta fundar,
 - skýrslu framkvæmdastjóra um starfsemi sjóðsins og
 - rýna og fylgja eftir framkvæmd ákvarðana sem teknar hafa verið á stjórnarfundum.
- 4.10 Formaður stjórnar eða forstjóri í umboði formanns getur boðað til fundar þá aðila sem tengjast efni fundarins. Viðkomandi er þá boðaður undir þeim lið sem honum viðkemur og vikur af fundi að því loknu. Koma skal fram í fundargerð hvaða gestir

mættu á fundinn og hvaða fundargögn voru lögð fram.

- 4.11 Fundargögn skulu vera stjórnarmönnum aðgengileg á rafrænni stjórnargátt a.m.k. tveimur dögum fyrir fund.
- 4.12 Prenti stjórnarmaður út gögn af gáttinni ber hann ábyrgð á eyðingu þeirra að lestri loknum. Þegar stjórnarmaður lætur af störfum er aðgangi hans að stjórnargátt lokað. Gögn skulu vistuð á þannig formi að ekki sé hægt að gera breytingar á þeim eftir að fundi er lokið.

5. gr. Ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur

- 5.1 Stjórn er ákvörðunarhæf þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við starfsreglur þessar. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þeirra. Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega, t.d. með minnisblaði, studd viðeigandi gögnum og fylgiskjölum ef við á. Séu mál lögð fram á stjórnarfundum til kynningar getur slík kynning verið munnleg.
- 5.2 Stjórnarmenn eru einungis bundnir af sannfæringu sinni en ekki fyrirmælum þeirra sem hafa skipað þá í stjórn.

6. gr. Fundargerðir og fundargerðarbók

- 6.1 Að loknum fundi skal sá er ritar fundargerð vista hana inn á stjórnargátt. Stjórnarmenn geta gert athugasemdir eða komið með ábendingar við fundargerðina fram að næsta stjórnarfundum.
- 6.2 Stjórnarfundargerð er borin upp til samþykktar á næsta stjórnarfundum og í framhaldi send í rafræna undirritun. Undirrituð fundargerð er vistuð í skjalasafni sjóðsins.
- 6.3 Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:
 - Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
 - Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum.
 - Dagskrá fundarins.
 - Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
 - Hver ritað hafi fundargerðina.
 - Gögn sem dreift er til stjórnarmanna skulu talin upp.
 - Stjórnarmaður sem er ósammála ákvörðun stjórnar á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.

7. gr. Endurskoðandi og ársreikningur

- 7.1 Ábendingar og athugasemdir sem endurskoðandi kemur á framfæri við stjórn eða forstjóra skal fjalla um með formlegum hætti á fyrsta fundi stjórnar eftir að þær berast.
- 7.2 Ráðinn endurskoðandi sem starfar í umboði Ríkisendurskoðunar skal boðaður á fund stjórnar þegar fjallað er um ársreikning sjóðsins. Skal endurskoðandi þá gefa

álit sitt á ársreikningi og fylgiskjöllum hans. Endurskoðandi skal einnig setja athugasemdir sínar fram í sérstakri skýrslu. Stjórn fær athugasemdir endurskoðenda ásamt drögum að ársreikningi til samþykktar. Stjórn skal fá nægan tíma til að fara yfir niðurstöður ársreiknings og endurskoðunarbréfs. Stjórn og forstjóri staðfesta ársreikninginn með undirritun sinni.

- 7.3 Endurskoðandi sendir ársreikning til Ríkisendurskoðunar og Fjársýslu ríkisins eftir afgreiðslu ársreiknings.

8. gr. Ársfundur

- 8.1 Ársfundur NSK skal haldinn fyrir 31. maí ár hvert. Fundinn skal auglýsa á heimasíðu sjóðsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara. Á fundinum skal leggja fram ársreikning og ársskýrslu sjóðsins. Greina skal frá helstu þáttum í starfsemi liðins árs og áætlunum komandi starfsárs. Að fundi loknum skal ársskýrsla vera aðgengileg á heimasíðu NSK.
- 8.2 Ársskýrslu skal stjórn skila til og kynna fyrir ráðherra árlega.

9. gr. Fyrirsvar stjórnar

- 9.1 Formaður stjórnar er málsvari hennar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni sjóðsins, nema stjórn ákveði annað. Forstjóri og/eða formaður koma fram út á við fyrir hönd NSK í samráði við stjórn.
- 9.2 Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart forstjóra.

10. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 10.1 Stjórnarmenn skulu gæta fyllstu þagnarskyldu varðandi upplýsingar um einstök viðskipti og fjárfestingar NSK. Stjórnarmaður skal með tryggum hætti varðveita öll gögn sem hann fær aðgang að vegna starfa sinna og tryggja að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.
- 10.2 Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um trúnaðarmál sjóðsins samkvæmt almennum reglum. Þagnarskylda helst eftir að stjórnarmenn láta af störfum.

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

- 11.1 Það er á ábyrgð stjórnarmanna að gæta alltaf hæfis síns. Stjórnarmönnum er skylt í tengslum við einstök mál, að upplýsa stjórn um þá aðila sem tengjast þeim hagsmunatengslum. Stjórnarmenn taka ekki þátt í meðferð máls á stjórnarfundum þar sem þeir hafa hagsmuna að gæta, s.s. ef mál varðar málefni þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir, eru venslaðir eða eiga á öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í, eða varðar aðila sem þeim eru tengdir persónulega eða fjárhagslega. Stjórnarmaður vísar sæti áður en efni máls er kynnt eða gögn afhent. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti.
- 11.2 Telji forstjóri eða stjórnarmaður einhvern stjórnarmann vanhæfan til að taka þátt í meðferð máls geta þeir krafist þess að viðkomandi stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls eða gögn eru afhent. Komi til þess að vafi leiki á hæfi stjórnarmanns í einstöku máli skal meirihluti stjórnar taka ákvörðun um hæfi þess sem í hlut á.

12. gr. Varsla og meðferð starfsreglna

- 12.1 Stjórnarmenn skulu undirrita starfsreglur þessar og telst rafræn undirritun fullgild.

Starfsreglur skulu vistaðar á stjórnargátt. Ef stjórn samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita nýjar starfsreglur með breytingunum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglur stjórnar við upphaf stjórnarsetu og skulu þeir undirrita því til staðfestu.

13. gr. Gildistaka

- 13.1 Starfsreglur þessar skal birta á vefsvæði sjóðsins.
- 13.2 Starfsreglur þessar öðlast gildi við samþykki stjórnar sjóðsins.
- 13.3 Stjórn NSK skal bera starfsreglur þessar undir ráðherra sem staðfestir þær og birtir í B-deild stjórnartíðinda.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi sjóðsins þann [•]. mars 2025.